

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Ís 47 ehf. Öfundarfirði



<b>Dags eftirlits</b>	14.7.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Ís 47 ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Heimili</b>	Fagraholti 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	650603-3030	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Halldór Gunnlaugsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gísli Jón Kristjánsson	<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú ný frávík komu fram við eftirlitið er snúa að gagnaskilum. Þrjár ábendingar eru gerðar er snúa að hvíld eldissvæða, skráningum og gagnaskilum.

Frávík vegna skila ársyfirlits vegna 2019 var skráð í eftirliti 2020. Fullnægjandi ársyfirliti var skilað þann 22. júní sl. og hefur frávíkinu því verið lokað.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Siglt var út að kvíum og farið fyri gögn og skráningar í kjölfarið.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávík og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
  - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang 2020
- Útsetningar, slátrun og hvíld
- Skráningar og skil gagna
- Vöktunaráætlun og -skýrslur
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Samsetning kvía
- Skoðunarferð að kvíum

Unnið hefur verið eftir samþykktri úrbótaáætlun vegna bætinga á skráningum í samræmi við starfsleyfi. Skráningar hafa aukist og hefur rekstraraðili tekið upp skráningar í Fishtalk grunn. Eftirlitsaðili mun taka framvindu aukinna skráninga út í næsta eftirliti.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar tíðni vettvangsheimsóknna til rekstraraðila ásamt þeim breytingum sem hafa verið gerðar á áhættumatinu fyrir árið 2021.

Umfang ársins 2020 var lítið. Engin seiði voru sett út á árunum 2019 og 2020 og einungis um 11 tonnum var slátrað 2020. Klárað var að slátra upp úr kvíum um miðjan apríl 2021. Seiði voru sett út á bilinu 30. júní-12. júlí sl. Þegar vettvangsheimsóknin fór fram var til skoðunar að bæta við seiðum til útsetningar í haust. Áætlað er að byrja að slátra þessum fiski haustið 2022.

Daglegar skráningar í Fishtalk grunni hafa verið teknar upp, fóðrun, dauði, meðalþyngd og hiti. Meðalþyngd er áætluð frá afföllum. Lúsatalningar verða einnig skráðar rafrænt. Fullnægjandi ársyfirliti vegna skráninga ársins 2020 var skilað 22. júní sl. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi v. ársins 2020 var skilað 20. maí sl. Rými er til bætinga á skráningum í samræmi við gr. 3.1 í starfsleyfi, t.a.m. á þjálfun starfsfólks, losun næringarefna, magn úrgangs sem verður til við framleiðsluna sem og notkun lyfja þegar svæfingalyf verða tekin í notkun. Stofnunin mun fylgja því eftir að skráningar séu í samræmi við gr. 3.1 í starfsleyfi og að niðurstöður mælinga og skráninga komi fram í ársyfirliti.

Vöktunarskýrslu v. ársins 2019 var skilað 30. apríl sl. en engin vöktun fór fram á árinu 2020. Uppfærðri vöktunaráætlun rekstraraðila var skilað 27. maí sl. Áætlunin er til skoðunar hjá eftirlitsaðila til samþykktar. Hvíldarsýni voru tekin fyrir útsetningu seiða í vor og næsta sýnataka er áætluð við hámarkslífmassa núverandi kynslóðar.

Dauðfiskur og fóðurumbúðir fara til Kubbs. Ekki er notast við spilliefni og lyf hafa ekki ver notuð. Taka á upp notkun svæfingalyfja við lúsatalningu og þyngdarprufanir. Engin olúgeymir er á vegum rekstraraðila sem tekur olíu hjá höfninni. Engin efni eru til staðar og notuð nema hreinsiefni og vélaolíur fyrir báta.

Kvíar eru settar saman á eyrinni á Flateyri og hefur verktaki unni verkið inni í gámi til að lágmarka losun plastics við vinnuna.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.2 í starfsleyfi	Ársyfirliti þar sem niðurstöður skráninga og mælinga skal skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Fullnægjandi ársyfirliti var skilað 22. júní 2021 og er frávikin því lokað.
gr. 3.3 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Grænt bókhald v. ársins 2020 barst 20. maí sl. og frávikin er því lokað.
gr. 3.3. í starfsleyfi	Útstreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs. Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2020 var skilað 20. maí sl. Frávikin er því lokað.



## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að lögbundinn hvíldartími sjókvíaldissvðis eftir að slátrun hveggar kynslóðar líkur er skv. reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 a.m.k. 90 dagar.

Frávik var skráð vegna skráninga árið 2019 og hefur rekstraraðili bætt skráningar, en huga þarf þó að því að bæta skráningar í samræmi við gr. 3.1 í starfsleyfi.

Eftirlitsaðili bendir á að ársyfirliti, vöktunarskýrslum, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs. Framangreindum gögnum hefur verið skilað vegna undanfarinna ára en eftirlitsaðili ítrekar að skila skuli gögnum vegna ársins 2021 fyrir 1. maí nk.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.09.2021

*Hulda S. Jónasdóttir*

Hulda Soffía Jónasdóttir

